

4. gr.

137

Markmið sjóðsins er, að styrkja fátæka sjúklinga úr Skipaskagahéraði, eins og 18. júlí það er nú, til sjúkrahússvistar á Akranesi eða annars staðar.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins séu: héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði, lögskipuð ljósmóðir á Akranesi og sóknarpresturinn á Akranesi.

6. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld, og skal taka við hvers konar gjöfum og áheitum, sem til falla.

7. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn að upphæð kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð krónur — skal verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum hans til þess að styrkja fátæka sjúklinga í sjúkrahúsum samkvæmt því, er segir í 4. gr. $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna leggist ávallt við höfuðstól, sem aldrei má skerða. Þau ár, sem enginn styrkþurfi er, er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna til jólaglaðnings sjúklingum á sjúkrahúsinu á Akranesi eða annara fátækra í héraðinu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórnin birta ársreikning hans í Lögbirtingablaðinu. Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps kys endurskoðendur.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ingibjörg Í. Finsen.

Ólafur Finsen.

REGLUGERÐ

um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði.

138

25. júlí

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og eignum hennar. Ræður hún sérstakan bryggjuvörð, og semur um borgun fyrir starf hans. Skal það ætíð vera útgerðarmaður í Ólafsfjarðarkauptúni.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, og sjá um að hún, ásamt vatnsleiðslu og raflýsingu, sé ávallt í svo nothæfu ástandi, sem mögulegt er, á meðan á vertíð stendur, og skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans, um notkun hennar.

3. gr.

Óheimilt er að láta vörur eða annað liggja á bryggjunni fram yfir það, sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja það burt á kostnað þeirra. Hann getur einnig bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

4. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir að ganga hreinlega um hana. Sé það ekki gert, að dómi bryggjuvarðar, skal hann sjá um, að það sé gert á kostnað þess, sem valdur hefir orðið að óþrífnaðinum.

5. gr.

Allir heimilisfastir bátar í Ólafsfirði hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða gjald það, sem ákveðið er í 7. gr. reglugerðar þessarar, og skulu þeir nota rétt sinn í þeirri röð, sem þeir koma að henni. Óheimilt er að láta báta liggja að óþörfu við bryggjuna, og skulu menn ætíð skyldir að hlíta fyrir mælum bryggjuvarðar í því efni.

6. gr.

Allar skemmdir, sem bryggjan verður fyrir af völdum báta eða skipa, skulu eigendur eða umráðamenn skipa þeirra, er skemmdunum valda, bæta að fullu eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

7. gr.

Bryggjugjald greiðist af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum, sem hér segir:

1. Fyrir hver 50 kg fiskjar	kr. 0.20
2. — hverja saltsildartunnu (fulla)	— 0.15
3. — — sildartunnu (tóma)	— 0.05
4. — — smálest salts	— 1.00
5. — — — kola	— 1.00
6. — — smálest sements	— 1.00
7. — hvert teningsfet timburs	— 0.02
8. — — fat af lifur eða lýsi	— 0.30
9. — hverja lýsistunnu	— 0.20
10. — hvert steinolíufat	— 0.30
11. — aðrar aðfluttar vörur: 25 aurar á hver 100 kg, þó ekki minna en 15 aurar á hvert stykki.	
12. — hvern stórgrip	— 1.00
13. — hverja sauðkind eða geit	— 0.20
14. Af hverjum heimilisföstum vélbát, sem að bryggjunni leggur greiðist af hverri smálest ársgjald	— 3.00
Brot úr smálest telst sem heil smálest ef brotið er stærra en ½. Annars skal því sleppt.	
15. Fyrir aðkomuskip, sem ferma eða afferma við bryggjuna, skal greiða auk stykkjagjaldsins, í hvert skipti af hverri brúttó smálest	— 0.10

8. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu bryggjugjalds af skipum og bátum, sé eigandi eða útgerðarmaður skipsins ekki búsettur í Ólafsfirði. Hefir bryggjusjóður haldsrétt á skipunum unz gjöldin eru greidd.

Bryggjugjöld af skipum skal greiða áður en skip fer frá bryggju. Bryggjugjöld, sem greiðast eiga einu sinni á ári (lestagjöld), greiðast bryggjuverði fyrir 30. september ár hvert.

9. gr.

Bryggjugjöld af upp- og útskipuðum vörum, greiði eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefir bryggjusjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni.

Útgerðarmaður hvers heimilisfasts báts í Ólafsfirði, skal skyldur að skrásetja allar þær vörur, sem hann flytur með bát sínum, og ber hann ábyrgð á bryggjugjaldi af þeim vörum, sem hann flytur.

Bryggjugjald af uppskipuðum vörum fellur í gjalddaga þegar skipið eða báturinn, sem vörurnar flytur, leggst að bryggju, en bryggjugjald af útskipuðum vörum, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip eða bát, sem flytur vörurnar frá bryggjunni.

10. gr.

Undanþeginn bryggjugjaldi samkvæmt 7. gr. er pósthlutningur og venjulegur farangur ferðamanna. Enn fremur beita til útgerðar.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka árgjöld vélbáta, sem ekki nota bryggjuna nema stuttan tíma einhverra orsaka vegna.

12. gr.

Hver skipstjóri eða formaður báts, sem fermir eða affermir vörur við bryggjuna, er skylt að láta bryggjuverði í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin framskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt.

Nú gefur einhver ranglega upp vörumagn sitt. Skal þá sá er uppvís verður að því, greiða 10—100 króna sekt, sem rennur í bryggjusjóð

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir bryggjuvörður, og hefir allt reikningshald bryggjunnar. Skal hann í lok hvers árs afhenda hreppsnefndinni reikninga yfir tekjur og gjöld hennar.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

14. gr.

Tekjum bryggjunnar skal einungis varið til afborgana höfuðstóls og vaxta af skuldum hennar, og viðhalds og umbóta á bryggjunni.

Verði bryggjan skuldlaus, skulu tekjur hennar lagðar í sjóð, sem nefnist bryggjusjóður, og skal hann ávaxtast á tryggum stað.

15. gr.

Verði ágreiningur milli bryggjuvarðar og bryggjunotenda út af ákvæðum reglugerðar þessarar, skal málinu skotið undir úrskurð hreppsnefndar.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, og fer um mál út af þeim, sem almenn lögglumál.

Sektir renna í bryggjusjóð.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1939.

138

18. gr.

25. júlí

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 54 2. júní 1930, um bátabryggjuna í Ólafsfirði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

139

26. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum 26. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að flýta fyrir að stofnað verði og síðan styðja kristilegt uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur 10 til 18 ára gamlar, er lent hafa á villigötum í siðferðilegu tilliti.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 manns. Eiginmaður og börn frú Guðrúnar Lárusdóttur og síðar aðrir afkomendur hennar velja tvo, en stjórnir Húsmæðrafélags Reykjavíkur, Kristilegs félags ungra kvenna og Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík, velja hver um sig eina konu í stjórnina. Leggist eitthvert þessara félaga niður, eða kæri sig ekki um að tilnefna neinn, þá velja hinir stjórnendur sjóðsins í auð sæti.

4. gr.

Stjórnin er valin til 6 ára í einu, og má endurkjósa hana. Í forföllum einstakra stjórnarmanna taka varamenn sæti þeirra, enda séu þeir tilnefndir af sömu aðiljum, og á sama veg sem aðalstjórnin.

5. gr.

Stjórn sjóðsins gerir sér far um að efla hann og ávaxta á öruggan hátt, og stuðla að því, að hafizt verði handa sem fyrst um stofnun slíks heimilis, sem hér ræðir um.

Í því skyni er henni heimilt að verja allt að 1000 kr. í einu úr sjóðnum, til að styðja konu til utanfarar til að kynna sér kristileg uppeldisheimili ungra stúlkna erlendis, ef stjórnin telur hana líklega til að geta veitt slíku heimili forstöðu á eftir. Þó skal sett trygging fyrir því, að sjóðnum verði endurgreiddur þessi styrkur, ef þessi kona verður ekki orðin forstöðukona slíks heimilis hérlendis, innan þriggja ára frá því hún fór utan.